

**Eyjafjarðardeild Rauða krossins, stjórnarfundur í Viðjulundi, Akureyri, þann  
29. mars 2023 og hófst hann kl. 17:00**

Mættir: Þorsteinn K. Björnsson, formaður, Sigríður Stefánsdóttir, Kári Fannar Lárusson, Konráð K. Baldursson, Karen Malmquist, Helga Margrét Freysdóttir, Hilmar Friðjónsson.  
Starfsmenn: Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar.

**1. Skipting starfa innan stjórnar.**

Formaður gerði tillögu um að Kristín Björk Gunnarsdóttir yrði varaformaður, Jón B. Hannesson ritari og Hilmar Friðjónsson gjaldkeri. Tillaga formanns var samþykkt samhljóða.

**2. Endurskoðun fjárhagsáætlun 2023.**

Ingibjörg gerði fundarmönnum grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á fjárhagsáætlun deildarinnar.

Samþykkt var að bíða með breytingar á henni því von er á þriggja mánaða uppgjöri sem kynnt verður á næsta fundi.

**3. Viðjulundur endurbætur á handriði.**

Fyrir liggur tilboð í framgreinda framkvæmd og er kostnaðurinn kr. 500.000,- án glers. Stjórnin heimilar framkvæmdir á handriði að hámarki 1 milljón króna.

**4. Parfaggreining á Eyjafjarðarsvæðinu og stefnumörkun.**

Umræðum um þessi mál var frestað en verður haldið áfram á næsta stjórnarfundum frá því sem frá var horfið á stjórnarfundum 8. nóv. 2022.

Ákveðið að halda áfram með stefnumótun fyrir starfsemi deildarinnar. Stefnt á vinnufund með haustinu en unnið verði strax að undirbúningi og skipulagi fundarins.

**5. Starfmannamál.**

Deildarstjóri gerði grein fyrir þessum dagskrárlið.

**6. Önnur mál**

Rætt um fundartíma og vikudag fundar. Tekin ákvörðun um að hafa stjórnarfundum almennt klukkan 17:00 á þriðjudögum í hámark 1.5 – 2 klukkutíma.

Rætt var um verkefnasjóð og nýjar úthlutunarreglur og hvaða áhrif þær hafa á starfsemi deildarinnar.

Fundi slitið kl. 18:43

*Þorsteinn K. Björnsson* *Sigríður Stefánsdóttir* *Kári Fannar Lárusson*  
*Helga M. Freysd.* *Karen Malmquist* *Hilmar Friðjónsson*  
*Ingibjörg Halldórsdóttir*